

SUNNLENDINGUR VIKUNNAR

Afrek að búa með Haraldi í meira en 30 ár

Nafn: Guðlaug Guðmundsdóttir.

Fædd, hvar og hvenær: 28. september 1961 á Selfossi og ólst upp á Birmustöðum á Skeiðum.

Foreldrar: Guðmundur Jónsson frá Þverspymu, Hrunamannahreppi, og Sigrún Kristbjörnsdóttir frá Birmustöðum á Skeiðum, sem rekta garðinn sinn og fjölskyldu á efri árum. Búsett á Birmustöðum.

Systkini: Valgerður, búsett í Þorlákshöfn, Kristbjörn, búsettur á Selfossi, Jóna, búsett í Vogum, Jón Guðmundur, búsettur á Egilsstöðum og Ágúst, búsettur í Brautarholti á Skeiðum.

Hjúskaparstaða: Gift Haraldi M. Kristjánssyni, prófasti í Vík.

Börn: Ární Már (1981), hjúkrunarfræðingur í framhaldsnámi í Kaupmannahöfn, Birgir (1984), bifreiðastjóri hjá Samskip í Reykjavík, Guðmundur Kristinn (1992) nemi í Reykjavík.

Heimili: Ránarbraut 7, Vík.

Menntun: B.Sc. hjúkrunarfræðingur með diplómanám í öldrunarhjúkrun.

Atvinna: Hjúkrunarforstjóri á Hjallatúni í Vík.

Áhugamál: Gardrækt, lestur og hannyrdir.

Hvar ertu í pólitík: Pólitískt viðrini.

Mesta afrek í lífinu: Að hafa getað búið með Haraldi í meira en 30 ár.

Mestu vonbrigði: Gleymi fljótt öllum vonbrigðum, vil ekki bera þau á bakinu.

Ertu morgunhani eða náttþrafn: Klárlega morgunhani.

Uppáhaldsmatur: Mjög hrifin af framandi og matarmiklum súpum.

Uppáhaldsdrykkur: Vatn

Uppáhaldsbímynd: Ítalska myndin La vita e' Bella.

Uppáhaldsbók: Margar frábærar til, t.d. Sumarljós og svo kemur nóttin eftir Jón Kalman.

Hvað finnst þér að nættí belur fara í landinu: Meiri samvinna en sundrung.

Hvað kemur þér í gott skap: Húmorinn í karlinum mínum.

Hvað fer í taugarnar á þér: Hroki og óþolinmæði.

Eitt atriði sem fólk veit almennt ekki um þig: Það má enginn vita.

Helstu kostir: Þolinmæði og glöðværð.

Gallar: Vil ekki viðurkenna neinn.

Mesta prakkarastrik: Að hræða myrktelna systur mína og láta bróður minn borða lambaspörð sem rúsinur.

Hvað myndi ævisagan þín heita: Hún verður ekki gefin út.

Uppáhaldssjónvarpsþáttur: Grey's Anatomy.

Uppáhaldstónlistarmaður: Er nánast alæta á tónlist.

Ef þú mættir vera einhver annar í einn dag: Aldraður einstaklingur á hjúkrunarheimili og fá að vita hvað hann hugsar.

Ef þú mættir ferðast fram eða aftur í tímann með tímavél, hvert myndirðu fara: Til menntaskólaáranna.

Hvað gerðirðu við peninginn frá frúnni í Hamborg: Myndi ávaxta hann á annan hátt en útrásarvíkingur.

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór: Hjúkrun heillaði mig snemma.

Lífsmottó: Morgundagurinn hefur sjálfur sínar áhyggjur.



Hjúkrunar- og dvalarheimilið Hjallatún í Vík á 20 ára afmæli á þessu ári og hefur þess verið minnst á margan hátt á árinu. Guðlaug Guðmundsdóttir, hjúkrunarforstjóri, hefur veitt heimilinu forstöðu frá stofnun þess árið 1989.